



HEIMILDIR

Guðmunda Kristinsdóttir (2004). *Starfstengt Verslunarfagnám*. Gátt bls 75-81.

Vefur forsætisráðneytisins. *Yfirlýsing frá 15. nóvember 2005*. Sótt 22. september 2006 af: <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/Frettaundirsidur/nr/2008>

Vefur forsætisráðneytisins. *Yfirlýsing frá 22. júní 2006*. Sótt 22. september 2006 af: <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/2320>

UM HÖFUNDANA

Guðmunda Kristinsdóttir er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þar sem hún sinnir m.a. greiningu fræðsluþarfa í atvinnulífinu. Hún stundaði nám í sálfræði við Háskóla Íslands og lauk diplómanámi í kerfisfræði í Óðinsvéum. Guðmunda starfaði um árabil við fullorðinsfræðslu innan menntakerfis rafiðnaðarmanna, bæði sem leiðbeinandi og kennslustjóri.

Sigrún starfar nú sem sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þar sér hún m.a. um kennslufræðinámskeið fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu. Einnig er hún stundakennari við Listaháskóla Íslands.

Hún hefur Phil.Cand.-menntun í uppeldis- og sálarfræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð, M.S.-próf í menntunarhönnun

og -stjórnun og kennslutækni frá National University í Kaliforníu og framhaldsmenntun í fullorðinsfræðslu frá Háskólanum í Linköping í Svíþjóð. Sigrún hefur einnig viðtæka reynslu af fræðslustarfi, menntunarstjórnun og starfsþróunarmálum.

ABSTRACT

In the first edition of Gátt, 2004, there was coverage on an extensive project taken on by the Education and Training Service Centre, which was needs analysis and course design for general shop workers. The article covered the main aspects of the project and explained how implementation would begin with an experimental group, with subsequent evaluation and reassessment at the end of the trial period. That period has now ended and in the article the results are considered in the light of the questions asked in the introductory article referred to above. The experimental phase is considered to have been successful and a revised curriculum has been published for use by those training actors that collaborate with the Education and Training Service Centre.

ÁSMUNDUR HILMARSSON

REYNSLA AF SKÓLAVIST OG -NÁMI

Þeir sem fæddust árið 1975 eru nú 31 árs. Nærri 40% þeirra höfðu ekki útskrifast úr framhaldsskóla við 24 ára aldur. Ætla má að umtalsverður hluti þeirra séu í markhópi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Flestum líkað vel skólavistin og námið síðustu þrjú árin í grunnskóla þó þeir hefðu kosið meiri verklega kennslu.

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal könnuðu hvort reynsla 24 ára fólks af skólakerfinu og afstaða foreldra til náms þeirra tengdist brottfalli úr námi. Rannsóknin náði til

'75 árgangins og byggði á upplýsingum um námsárangur í lok grunnskóla og námsferil í framhaldsskóla. Þegar árgangurinn var 24 ára var hluti hans spurður um afstöðu til skólakerfisins, stuðning foreldra og um sálfræðilega þætti. Jafnframt könnuðu þau hvort námslok spáðu fyrir um sjálf-sálit og trú 24 ára fólks á eigin getu til fræðilegs náms. Í þriðja lagi var gerð sérstök greining á þeim ástæðum sem brottfallshópurinn gaf fyrir að hætta í námi.

Slæmt námsgengi og námsleiði, tilgangssleysi náms og ytri




aðstæður voru þrjár af helstu ástæðum þess að fólk hætti námi. Karlar voru líklegri til að hætta í námi en konur. Konur nefndu frekar ytri aðstæður, eins og barneignir og heimilisáðstæður, sem mikilvæga ástæðu fyrir að þær hættu námi en karlar nefndu frekar að þeim hafi boðist gott starf. Brottfall reyndist lítillega meira á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu. Þeir sem höfðu meiri áhuga á bóknaði en verknámi í efri bekkjum grunnskóla voru líklegri til að ljúka framhaldsskóla. Stuðningur foreldra og samræmi á milli námsvals nemenda og áherslna foreldra voru mikilvægir þættir í framvindu náms. Þeim sem líkaði vel í framhaldsskóla reyndust líklegri til að hafa lokið framhaldsskóla. Þeir sem höfðu lokið framhaldsskóla 24 ára höfðu að jafnaði meiri trú á eigin hæfni til fræðilegs náms en brottfallshópurinn. Á hinn bóginn virðist almennt sjálfsálit ekki tengjast námslokum.


Af niðurstöðum í áður nefndri skýrslu Jóns Torfa og Kristjönu Stelli álykta ég að flestum Íslendinga í markhópi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hafi líkað vel vistin og námið í efri bekkjum grunnskólans. Fleirum líkað betur verklegt en bóklegt nám. Meirihluta þeirra sem hættu í framhaldsskóla líkaði þrátt fyrir það vel við skólann sinn.

76% svarenda líkaði mjög vel eða frekar vel vistin þrjú síðustu árin í grunnskóla. Þriðjungur þeirra hafði ekki útskrifast úr framhaldsskóla. 15% aðspurðra leið mjög eða frekar illa í grunnskólanum. 53% þeirra höfðu ekki útskrifast. 36% af þeim sem svöruðu höfðu ekki útskrifast úr framhaldsskóla.

Námsstaða við 24 ára aldur eftir því hvernig fólki líkaði 3 síðustu árin í grunnskóla – fjöldi




Námsstaða við 24 ára aldur eftir því hvernig fólki líkaði 3 síðustu árin í grunnskóla – hundradshluti




74% þeirra sem svöruðu líkaði námið mjög eða frekar vel síðustu 3 árin í grunnskóla. 35% höfðu ekki útskrifast úr framhaldsskóla. 15% þeirra leið mjög eða frekar illa í grunnskólanum. 46% þeirra höfðu ekki útskrifast. 36% allra sem svöruðu spurningunni höfðu ekki útskrifast.

Námsstaða við 24 ára aldur eftir því hvernig fólki líkaði námið 3 síðustu árin í grunnskóla – fjöldi




Námsstaða við 24 ára aldur eftir því hvernig fólki líkaði námið 3 síðustu árin í grunnskóla – hundradshluti






43% þeirra sem svöruðu líkaði betur verklegt nám í efri bekkjum grunnskóla. 54% þeirra höfðu ekki útskrifast úr framhaldsskóla. 18% líkaði betur bóklegt nám. 20% þeirra höfðu ekki útskrifast. 39% allra svarenda höfðu ekki útskrifast úr framhaldsskóla.

Námsstaða við 24 ára aldur eftir afstöðu til verklegs og bóklegs náms í efri bekkjum grunnskóla – fjöldi




84% þeirra sem hófu nám í framhaldsskóla líkaði vistin þar mjög eða frekar vel. 30% þeirra útskrifuðust þrátt fyrir það ekki. 8% líkað mjög eða frekar illa. 60% þeirra hættu. 32% allra sem svöruðu hættu í framhaldsskóla.


Námsstaða við 24 ára aldur eftir því hvernig fólki líkaði í framhaldsskóla – fjöldi



Námsstaða við 24 ára aldur eftir afstöðu til verklegs og bóklegs náms í efri bekkjum grunnskóla – hundraðshluti



Námsstaða við 24 ára aldur eftir því hvernig fólki líkaði í framhaldsskóla – hundraðshluti



HEIMILDIR

Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónsson. (2002). Brottfall úr námi - Afstaða til skóla, félagslegir og sálfræðilegir þættir.